

um til handa hæfilega ákveðin kr. 200.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa. Með vísan til 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969 er ákærði sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá dómsbirtingu. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Eiríkur Stefánsson, greiði kr. 200.000 í sekt til ríkissjóðs.

Ákærði sæti 15 daga varðhaldi, verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu þessa dóms.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 1 ár frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. september 1981.

Nr. 22/1981. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Ragnari Ingimundi Ágústssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ökuhraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 2.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingi-mundarsonar hæstaréttarlögmanns, 2.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. september 1980.

Ár 1980, miðvikudaginn 10. september, er á dómþingi saka-dóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðal-steinssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 417/1980: Ákærvaldið gegn Ragnari Ingimundi Ágústssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 27. júní sl., á hendur ákærða, „Ragnari Ingimundi Ágústssyni bifreiðarstjóra, Þykkvabæ 21 í Reykjavík, fæddum 25. desember 1952 að Hvoli í Dalasýslu, fyrir að hafa um kl. 1:00 aðfaranótt sunnudagsins 23. mars 1980 ekið bifreiðinni R 9743 með 130 kílómetra hraða vestur Reykjanesbraut um Vogastapa í nátt-myrrí.

Telst þetta varða við 1., 2. og b lið 3. mgr. 49. gr., 2. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, sbr. auglýsingu nr. 108/1966 um hámarkshraða á Reykjanes-braut.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til svipt-ingar ökuréttinda samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu.

Sunnudaginn 23. mars sl. voru lögreglumennirnir Þorgrímur Guðmundsson og Lúðvík Eiðsson staddir á Vogaafleggjara, Vog-um, er þeir veittu athygli bifreiðinni R 9743, er ákærði ók áleiðis til Keflavíkur. Í frumskýrslu lögreglumannanna segir, að þeir hafi veitt bifreiðinni eftirför og mælt ökuhraða hennar með jöfnu bili milli hennar og lögreglubifreiðarinnar um Vogastapa og hafi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar þá sýnt 130 km hraða miðað við klst. Í lögregluskýrslu segir enn fremur, að lítil um-ferð hafi verið, akbraut þurr, náttmyrkur.

Þann 30. apríl sl. gaf ákærði skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík, og kvaðst ákærði þá mótmæla hraða þeim, er lögreglumennirnir teldu sig hafa ekið á. Kvaðst ákærði hafa ekið á um 100 km hraða miðað við klst.

Þann 9. maí sl. gáfu lögreglumennirnir Þorgrímur Guðmundsson og Lúðvík Eiðsson skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík, og staðfestu báðir hraða þann, er þeir kváðust hafa mælt, eða 130 km miðað við klst.

Þann 25. apríl sl. ákvað lögreglustjórinn í Reykjavík að svipta ákærða ökuréttindum til bráðabirgða, og var sú ákvörðun birt ákærða þann 9. maí sl. Þann 4. júní sl. kom ákærði fyrir dóm og var boðið að ljúka málinu með dómssátt, sektargreiðslu og 2 mánaða ökuleyfisviptingu. Ákærði hafnaði því, og ákvað dómarrinn þá að fella úr gildi bráðabirgðasviptingu lögreglustjórans í Reykjavík.

Þann 29. júlí sl. kom fyrir dóminn sem vitni Þorgrímur Guðmundsson lögreglumaður. Vitnið skýrði svo frá, að tekist hefði að halda jöfnu bili milli lögreglubifreiðarinnar og bifreiðar ákærða nokkurn spöl, og sýndi þá hraðamæir lögreglubifreiðarinnar 130 km hraða miðað við klst. Kvað vitnið mælinguna hafa hafist, er þeir höfðu náð bifreiðinni í brekkunni norðan á Vogastapanum, og kvað vitnið bilið milli bifreiðanna hafa verið 6—7 bíllengdir, þegar mæling fór fram.

Vitnið kvaðst ekki muna, hversu langan tíma mælingin tók, og kvaðst hafa þurft að aka lögreglubifreiðinni með allt að 140—150 km hraða til þess að ná bifreið ákærða.

Vitnið kvaðst hafa sett rauð aðvörunarljós á lögreglubifreiðina við Grindavíkuraflleggjara, en bifreið ákærða hafi verið stöðvuð miðja veginni milli Grindavíkuraflleggjara og afleggjarans að Keflavíkurlflugvelli.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Lúðvík Jóhannes Eiðsson lögreglumaður. Vitnið kvaðst ekki minnst málsatvika nákvæmlega og ekki muna í smáatriðum, hvernig að mælingunni var staðið. Vitnið kvaðst minna, að yfirheyrslan hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 9. maí sl. hafi farið þannig fram, að það hafi fengið í hendur frumrit lögregluskýrslunnar og staðfest efni hennar eftir lestur.

Sama dag kom ákærði fyrir dóminn. Kvaðst ákærði ekki hafa fylgst með hraðamæli bifreiðar sinnar, en taldi sig ekki hafa ekið hraðar en á 80—100 km hraða miðað við klst. Kvaðst ákærði

hafa verið stöðvaður ca 500 metra sunnan við Grindavíkurfleggjarann.

Fimmtudaginn 21. ágúst sl. fór dómariinn á vettvang ásamt verjanda ákærða.

Með hliðsjón af framburðum lögreglumannanna og játningu ákærða telst sannað, að ákærði ók talsvert hraðar en leyft er á umræddum vegarkafila. Hins vegar þykir varhugavert að slá því föstu, hversu hratt ákærði ók, þar sem ólíklegt er, að lögreglumennirnir hafi náð bifreið ákærða í brekkunni í Vogastapanum, hafi hann ekið á 130 km hraða miðað við klst.

Brot ákærða þykir rétt fært til refsíákvæða í ákæruskjali.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsingum:

1971 14/10 í Reykjavík: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 25., 26. og 37. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mánuði.

1978 1/3 í Reykjavík: Sátt, 40.000 kr. sekt fyrir brot á 219. gr. hegningarlaga og 49. gr. umferðarlaga.

1978 15/11 í Reykjavík: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 27. gr. laga nr. 39/1941. (Sæti upptöku á talstöð, Aircommand CB 140, 40 rása).

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 60.000 kr. sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 3 daga.

Með hliðsjón af málavöxtum öllum og aðstæðum á vettvangi þykir ekki alveg næg ástæða til þess að svipta ákærða ökuréttindum, eins og krafist er í ákæruskjali.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, kr. 120.000.

Dómsorð:

Ákærði, Ragnar Ingimundur Ágústsson, greiði kr. 60.000 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 3 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, kr. 120.000.